

Yfirlit yfir starf forvarnafulltrúa frá febrúar 1998 til ársloka 2004.

Á skólaárinu 1997-1998 hóf FG markvissa vinnu við forvarnastarf gegn allri sjálseyðandi hegðun með sérstakri áherslu á neyslu áfengis og annarra vímuefna. Undirbúningsvinna hófst á vorönn 1998 og í febrúar var forvarnafulltrúi ráðinn við skólann. Kynningarbréf var sent út til allra foreldra.

Stefnuskrá skólans í vímuvörnum og reglur skólans varðandi fíkniefni voru samdar, kynntar og samþykktar á kennarafundi. Stefnuskráin var síðan sett inn á heimasíðu skólans.

Áfallaráð var stofnað og samin var áfallaáætlun. Ýmsar tilraunir voru gerðar til að breyta áherslum í félagslífi nemenda í þá veru að efla hollar skemmtanir og fjölga þeim þáttum félagslífsins þar sem áfengi er ekki haft um hönd.

Forvarnafulltrúi heldur utan um alla fræðslu í forvörnum, hann er boðberi ákveðinna gilda innan skólasamfélagsins. Fræðslan beinist að þremur markhópum: nemendum skólans, starfsmönnum skólans og forráðamönnum nemenda.

Fyrsta starfsárið fór í að móta starfið, gera sér grein fyrir umfangi þess og reyna að koma á nýjum uppákomum í félagslífi skólans, uppákomum sem með tímanum næðu að skapa sér hefð innan skólasamfélagsins. Nú, tæpum sjö árum síðar, hefur okkur tekist að skapa hefð um Galakvöld og áfangann DLT 103, en nánar um það hér á eftir. Sá þáttur sem líklegast hefur þó tekið lengstan tíma, mestu vinnuna og reynt mest á í starfinu eru hin daglegu samskipti við nemendur. Það tekur tíma að ávinna sér traust nemenda, að fá þá til að koma og leita sér aðstoðar eða óska eftir stuðningi við dagleg störf. Það er ekki sjálfgefið að þetta takist, en ég tel að styrkur forvarnastarfsins hér felist kannski fyrst og fremst í því að starfið hefur verið á höndum sama aðila allan þennan tíma. Ég hef séð það í öðrum skólum, þar sem tíð skipti eru í þessu starfi, að þessi mikilvægi hluti starfsins er þar ákaflega lítill.

Strax á vorönn 1998 buðum við upp á opinn fræðslufund fyrir forráðamenn nemenda og aðra íbúa Garðabæjar og Bessastaðahrepps. Fundarefni var samfélag unglinga og hvar foreldrar gætu sem best stutt við börn sín. Fyrirlesarar voru Sæmundur Hafsteinsson, sálfræðingur, Ólafur Emilsson, aðstoðaryfirlöggregluþjónn og Áslaug Hulda Jónsdóttir, starfsmaður félagsmiðstöðvarinnar Garðalundar. Hér vorum við að taka stórt skref, framhaldsskóli hafði ekki áður boðað til foreldrafundar og því kom góð

fundarsókn okkur skemmtilega á óvart. Þetta sama haust bauðst starfsmönnum einnig að hlýða á Árna Einarsson hjá FRÆ, og kom hann með góðar og gagnlegar upplýsingar um veröld sem flestir starfsmanna höfðu kannski lítið velt fyrir sér.

Opið hús fyrir 16-18 ára unglinga í Garðabæ var einnig í boði í húsakynnum skólans frá og með þessari önn. Um tilraunaverkefni var að ræða. Hugmyndin var sú að ná til ungmenna, bæði þeirra sem voru í skóla en kannski ekki síst til þeirra sem ekki voru í skóla, skapa þeim ákveðið umhverfi til að hittast og hafa möguleika á að koma fræðslu til þessa hóps. Þótt verkefnið hafi ekki heppnast sem skyldi þá má segja að hugmyndin sem hér lá að baki hafi síðan fengið hljómgrunn í áfanganum DLT 103 sem síðar (haustið 2001) var settur á laggirnar.

Skólaárið 1998 – 1999.

Á haustönn 1998 var fyrsti forvarnadagur skólans. Mikil vinna var lögð í undirbúning. Bæði nemendur og starfsfólk fengu fræðslu þennan dag, starfsfólk fékk námskeið í viðtalstækni hjá Guðmundi Páli Ásgeirssyni námsráðgjafa en Einar Gylfi Jónsson, sálfræðingur hjá SÁÁ heimsótti nemendur og veitti þeim fræðslu um skaðsemi fíkniefna. Að lokum kom Bubbi Morthens og söng og spjallaði um hinn harða heim fíkniefnaneytandans.

Forráðamenn fengu einnig fræðslu um svipað leyti: Dr. Sigrún Aðalbjarnardóttir skýrði frá hluta könnunar sinnar um áhættuhegðun unglinga og tengsl uppeldisaðferða við neyslu fíkniefna.

Í október fékk ég tækifæri til að kynna mér uppbyggingu forvarnamála í Lübeck í Þýskalandi. Heimsótti ég lögreglu, félagsþjónustu og s.k. athvörf fyrir unglinga. Þetta var mjög lærdómsríkt.

Á vorönninni 1999 var viðtalstímum forvarnafulltrúa fjölgað um tvo, en á þessum tíma var forvarnafulltrúi ekki með sérstakan samastað í skólabyggingunni. Notaðar voru kennslustofur og ýmis skot til að ræða við nemendur. Það var kannski ekki fyrr en forvarnafulltrúi fékk eigin skrifstofu að maður áttaði sig á hve mikilvægt það er í þessu starfi.

Forráðamönnum var aftur boðið til opins fræðslufundar í mars. Fyrirlesarar að þessu sinni voru Sigríður Hulda Jónsdóttir, námsráðgjafi, sem ræddi um áhættuþætti vegna vímuefnanotkunar og Gissur Guðmundsson rannsóknarlögreglumaður sem ræddi um heim fíkniefnaneytandans. Kvöldið tókst vel, erindin voru fróðleg og fundarmenn sýndu málefningu áhuga.

Þann 25.mars 1998 var haldið fyrsta Gala-kvöld skólans.

Í upphafi voru þessir dansleikir haldnir 2svar á ári, en eftir að við fengum salinn Urðarbrunn var hægt að hafa dansleikina fjölmennari. Þessir dansleikir eru fyrir útskriftarnema og starfsmenn skólans. Greint verður frá þessum þætti skólastarfsins í lok þessa yfirlits.

Á sama tíma bauð skólinn upp á námskeið fyrir nemendur sem vilja hætta að reykja. Námskeiðið byggðist á fræðsluefni frá Krabbameinsfélaginu. Slík

námskeið hafa verið haldin 3 sinnum síðar og hefur Krabbameinsfélagið sent okkur efni og hvatt okkur til dáða. Þessi námskeið hafa alltaf verið í höndum Aðalbjargar Helgadóttur kennara við skólann og mælst vel fyrir. Til gamans má geta þess að við gerðum könnun á því, þegar 6 mánuðir voru liðnir frá 2. námskeiðinu, hve margir þátttakenda væru enn hættir að reykja og í ljós kom að árangurinn var töluvert yfir því besta sem Krabbameinsfélagið gerði sér vonir um.

Í lok þessa fyrsta starfsárs míns sem forvarnafulltrúa var ég beðin að koma á fundi í nokkrum skólum til að segja frá þessu starfi. Þar var um að ræða framhaldsskóla sem síðar áttu eftir að ráða til sín forvarnafulltrúa. Einnig hef ég á hverju ári farið á fundi hjá foreldrafélagi Garðaskóla svo og sameiginlega fundi foreldrafélaga grunnskólanna í bænum.

Skólaárið 1999-2000.

Haustönnin byrjaði að venju á kynningarfundum fyrir forráðamenn nýnema. Með fundarboði fylgdi kynningarbréf á starfi forvarnafulltrúa. Upplýsingar um forvarnastarfið voru síðan settar inn á heimasíðuna. Þessi kynning hefur skilað sér nokkuð vel, það jókst mjög að foreldrar hefðu samband beint.

Í september fór fram viðamikil kynning á vegum lögreglunnar í Reykjavík á fyrirhuguðu forvarnaverkefni sem skólunum stóð til boða að fá. Það var síðan í byrjun árs 2000 að boðið var upp á fræðsluefnið fyrir bæði nemendur og forráðamenn þeirra. Um var að ræða verkefnið **Hættu áður en þú byrjar**, sem var átaksverkefni á vegum Lögreglunnar í Reykjavík, Félagsþjónustunnar og Marita–samtakanna. Fræðslan byggðist á kvikmynd um líf fíkniefna-neytenda og síðan ræddi fyrirverandi fíkill um líf sitt. Nemendur voru nokkuð ánægðir með þetta efni og þeir foreldrar sem komu voru jákvæðir gagnvart því að hvetja fjölskyldur til að tala meira saman.

Heimsóknum til forvarnafulltrúa fjölgaði mjög og nokkur viðamikil mál tóku nokkurn tíma. Má þar nefna að einn nemandi fór í meðferð að Árvöllum á vegum Götusmiðjunnar. Meðferð þar byggist á því að unglíngarnir haldi áfram námi. Ég heimsótti nemandann nokkrum sinnum, og var síðan tengiliður hans við kennara í þeim greinum sem hann stundaði nám í. Mér fannst allt umhverfi að Árvöllum mjög hlýlegt og gott fyrir unga fíkla. Viðkomandi nemandi náði þarna góðum bata. Hann lauk nokkrum prófum hjá okkur, en þó svo hann hafi ekki haldið áfram námi nema eina önn eftir þetta hef ég fylgst með honum og hefur hann staðið sig alveg fram á daginn í dag. Fleiri nemendur þurftu á svona sértækum stuðningi að halda. Einn kom úr meðferð frá Vogji, en hann sýndi ekki mikinn vilja til samstarfs og flosnaði fljótt upp.

Fíkniefnalögreglan í Hafnarfirði hefur reynst okkur mjög vel. Þangað hef ég getað leitað ráða hvenær sem er og lögreglumenn þaðan hafa komið á dansleiki hjá skólanum frá hausti 1998. Á dansleik sem haldinn var þetta haust var nemandi skólans tekinn með eiturlyf. Nemandinn fékk val um að gera eitthvað í sínum málum, fara í fulla meðferð, eða hætta í skólanum. Hann valdi síðara kostinn. Eitt slíkt tilvik getur fengið mann til að efast um starfið og hvort maður er á réttri braut, en ekki má gleyma öllum hinum sem hafa getað snúið við blaðinu og lokið sínu námi með ágætum.

Á haustönn , 5. október, var aftur boðið upp á forvarnadag. Að þessu sinni komu Geirfuglarnir og Þórarinn Eyfjörð leikari í heimsókn. Þeir spiluðu og sungu fyrir nemendur og starfsmenn skólans og spjölluðu um lífið og tilveruna. Dagskráin var sérstaklega samin af þessu tilefni. Boðskapurinn var lífsleikni: hvernig á að lifa lífinu lifandi og vera nógu sterkur til að segja nei við vímuefnum. Áherslan er lögð á gleðina yfir því að vera til og geta nýtt sér alla þá möguleika sem lífið hefur upp á að bjóða. Dagskráin miðaði að því að styrkja allt það unga fólk sem lifir heilbrigðu lífi, en um leið að hvetja þá sem á einhvern hátt hafa beygt útaf hinni breiðu braut að breyta sínu lífi.

28. október var enn og aftur Gala-dansleikur. Augljóst var að þessir dansleikir voru orðnir vinsælir, nemendur komu til mín í upphafi annar og vildu fá að vita hvenær næsti dansleikur yrði! Það er frábært að fá að vera með í því að koma á ákveðinni hefð.

Í nóvember var enn og aftur boðað til fræðslufundar með forráðamönnum nemenda. Bryndís Björk Ásgeirsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir frá Rannsóknnum og greiningu ræddu samspil lífsstíls ungs fólks og vímuefnaneyslu. Erindi sitt byggðu þær á nýafstaðinni rannsókn meðal unglinga í 10.bekk.

Forvarnafulltrúi var einnig með erindi á kennarafundi, fundi með forráðamönnum nýnemaog einnig voru haldnir reglulega fundir með lögreglunni. Nokkrir forvarnafulltrúar höfðu bæst í hópinn og fengum við tækifæri til að hittast, en Sigríður Hulda Jónsdóttir og Árni Einarsson höfðu það verkefni á vegum Menntamálaráðuneytisins að fá alla framhaldsskóla til að ráða forvarnafulltrúa. Í lok árs 1999 vorum við ekki mörg, en hópurinn átti eftir að stækka næstu árin.

Skólaárið 2000-2001.

Í upphafi skólaársins bauð læknadeild Háskóla Íslands forvarnafulltrúum til fundar. Tilefnið var forvarnastarf læknanema. Hugmyndin var sú að læknanemar færu í framhaldsskólana og væru með fræðslu um kynsjúkdóma. Læknanemar hafa allar götur síðan boðið upp á þessa fræðslu og höfum við fengið þá til að koma á hverju ári í lífsleiknitíma.

Geðhjálp hefur einnig komið til okkar árlega með fræðslu sem byggist á Geðorðunum 10. Þar eru nemendur fræddir um geðsjúkdóma og kannski fyrst og fremst um mikilvægi þess að þekkja sjálfan sig. Þessi fræðsla hefur einnig farið inn í lífsleiknitíma. Fleiri aðilar hafa verið tilbúnir að veita nemendum fræðslu, má þar t.d. nefna Samtökin 78 og Götusmiðjuna.

Páll Ólafsson íþróttakennari hélt námskeið í skyndihjálpi fyrir skólaliða. Einnig var auglýst sambærilegt námskeið fyrir aðra starfsmenn skólans. En því miður höfðu starfsmenn augsýnilega ekki mikinn áhuga og þurfti því að fella það námskeið niður. Reykbindindisnámskeið fyrir nemendur var aftur í boði og eins og fyrr sá Aðalbjörg Helgadóttir um það.

Í október var farin hin árlega Þórsmerkurferð. Þessar ferðir hafa ætíð verið vímuefnalausar og enn einn viðburður í félagslífi skólans þar sem áherslan hefur verið á samveru og heilbrigðu lífi. Ferðin þetta árið gekk vel og var nemendum til mikils sóma.

Samstarf forvarnafulltrúa í framhaldsskólum jókst mjög þetta árið. Allmargir skólar höfðu bæst í hópinn og fengu forvarnafulltrúar tækifæri til að hittast tvisvar á skólaárinu. Sigríður Hulda og Árni skipulögðu þessa fundi og fengum við fræðslu um ýmis mál sem koma inn á okkar borð. Einnig er ákaflega mikilvægt fyrir okkur að geta hist og borið saman bækur okkar.

Verkefnið Ísland án eiturfylfja og Náum áttum hópurinn héldu ráðstefnu um fíkniefnamál 5. og 6. október og voru þar flutt mörg mjög áhugaverð erindi. Fleiri fundir voru haldnir með þessum aðilum svo og með Hinu húsinu og SÁÁ.

10. apríl var síðan Galakvöld og á vorönn fengu nemendur skólans fræðslu á vegum Tóbaksvarnarráðs. Hinn s.k. Winston-maður kom og ræddi við krakkana. Þessi fræðsla náði mjög vel til nemenda enda maðurinn leikari frá Hollywood sem svo sannarlega kunnir að gera þetta að „showi“. Þetta sýnir að það skiptir máli hvernig slík fræðsla er upp sett, fyrirlestraformið hentar ekki þessu unga fólki sem hefur alist upp við sjónvarp og tölvuleiki.

Í júnímánuði kynnti ég mér starf s.k. unglíngamenningarseturs í Salzburg í Austurríki. Þarna er mikil og öflug starfsemi sem m.a. byggist á útgáfu ýmissa bæklinga sem höfða til ungmenna. Mér fannst þetta ákaflega spennandi en geri mér auðvitað grein fyrir því að slík útgáfa er mjög kostnaðarsöm. En hugmyndirnar voru margar stórskemmtilegar. Önnur starfsemi er mjög í takt við starfsemi Hins hússins, þó má segja að munurinn liggja í því að heilsugæslan er hluti af þessari starfsemi þarna úti.

Skólaárið 2001-2002.

Skólaárið hófst með hefðbundnum hætti. Kynningarkvöldi með forráðamönnum nýnema, kynningarbréfi til forráðamanna, kynningarbréfi til nýrra kennara. Busavígslan var haldin strax á 3.kennsludegi og tókst að þessu sinni vel.

Í byrjun september var farin nýnemaferð til Laugarvatns. Dvalið var í gamla Íþróttakennaraskólanum í 2 daga og tókst ferðin ákaflega vel. Spilað var á gítar og sungið, farnar gönguferðir og nemendur fengu síðan sundlaugina til afnota um kvöldið þar sem haldið var sundlaugarpartí. Nemendur stóðu sig vel og var ferðin enn eitt dæmi um hvað hægt er að gera skemmtilegt án þess að vera með vímuvaldandi efni með í för.

20. september var haldinn forvarna- og íþróttadagur. Nemendur komu með þá tillögu að setja þetta undir einn hatt. Mér fannst tillagan góð og sáu nemendur um skipulagningu íþróttatriða en áður en að þeim kom fengu nemendur Þorstein Hauk Þorsteinsson frá Tollstjóranum í heimsókn ásamt hundinum Bassa. Þorsteinn sýndi nemendum hversu vel hundurinn er þjálfður og höfðu nemendur bæði gagn og gaman af þessari heimsókn. Þessi dagur tókst ákaflega vel, kennt var til hádegis og dagskrá lauk kl. 16.00.

12. október var árlegur haustfundur forvarnafulltrúa haldinn hér í skólanum. Bandaríski prófessorinn Harvey Milkman var fyrirlesari, en hann hefur um árabil starfað að forvarnamálum og meðferðarstarfi í Denver auk þess að skrifa bækur um þær megináherslur sem hann leggur á í meðferðarstarfinu, þ.e. að kenna ungu fólki að upplifa sælutilfinningu/vellíðan án vímugjafa, m.a. með hjálp dans, leiklistar, tónlistar og annarra listgreina. Skólinn bauð samstarfsaðilum í forvarnamálum einnig til fundarins og var gerður góður rómur að erindi Milkmans.

Í framhaldi af þessu erindi Milkmans fór vel á því að hefja undirbúning áfangans DLT, en hann var í boði í fyrsta skipti á þessu skólaári, á vorönn. Hugmyndin að þessum áfanga er sú að nemendur komi saman í skólanum til að vinna að einhverju sameiginlegu verkefni, verkefni sem gerir þeim ljóst að við erum öll jafn mikilvæg, hvort heldur við erum mest áberandi í slíku starfi eða ekki. Markmið áfangans er að setja upp söngleik og hugmyndin sú að nemendur sjái alfarið um atriði eins og leik, söng, búningahönnun og saumaskap, sviðsmyndagerð og fleira en fengju um leið leiðbeiningar góðra fagmanna. Sveit valinkunnra fagmanna var fengin til að stýra verkinu, u.þ.b. 70 nemendur tóku þátt og settu upp söngleikinn Hárið. Sýningin tókst í alla staði mjög vel og var ánægjulegt að sjá að svona verkefni getur virkað eins og vítamínsprauta fyrir nemendur, ekki síst þá sem eru feimnir að eðlisfari. Inn í þetta verkefni get ég líka stýrt nemendum sem einhverra hluta vegna þurfa að skipta um hóp eða komast í hóp yfirleitt. Nemendur voru alsælir, kennarar kannski ekki eins. Það er augljóst að þegar farið er í slíkt verkefni í fyrsta sinn er ýmislegt sem ekki virkar eins og það á að virka. Þetta átti aðallega við um mætingar nemenda í kennslustundir. En ég tel að okkur hafi tekist strax næsta ár að sníða vankantana af því.

Hin árlega Þórsmerkurferð var farin 8.-10.október og tókst hún sem endranær mjög vel. Góð þátttaka og yndislegt veður stóð auðvitað upp úr, en ekki síður framkoma nemenda.

Viðtalstímar forvarnafulltrúa voru ákaflega vel nýttir og þurfti að fjölga þeim verulega. Það var ánægjulegt að skynja að nemendur treystu mér fyrir vandamálum sínum í æ ríkara mæli og augljóst að þeir voru farnir að átta sig á að þessi þjónusta stóð þeim til boða. Samskipti við foreldra jukust líka og var það auðvitað mjög ánægjulegt. Það besta var líklegast að foreldrar höfðu fyrr samband þannig að auðveldara var oft að vinna úr málum.

1. nóvember var haldið Gala-kvöld en að þessu sinni í hátíðarsal skólans Urðarbrunni. Vegna þeirrar frábæru aðstöðu sem við fengum þar var ákveðið að gera þennan atburð í skólalífinu enn viðameiri. Gala-kvöldin yrðu hér eftir haldin að hausti fyrir tvo útskriftarhópa, þ.e. þá nemendur sem útskrifast á skólaárinu. Fyrir vikið var dansleikurinn fjölmennari og enn meiri stemning en áður.

Á vorönn fékk starfið í kringum áfangann DLT mikinn tíma. Hér var unnið öll kvöld og allar helgar, jafnvel heilu næturnar undir það síðasta. En þegar frumsýningardagurinn rann upp og menn sáu afrakstur vinnunnar gleymdist öll þreyta og menn voru almennt mjög ánægðir með útkomuna. Skólinn sótti um styrk úr Forvarnarsjóði til að koma þessu verkefni á, en fékk ekki náð fyrir augum sjóðsstjórnar. Mér finnst það ákaflega mikil þröngsýni af hálfu Forvarnarsjóðs, hugmynd og framkvæmd þessa verkefnis byggist einmitt á þeim kenningum um forvarnir sem efst eru á baugi einmitt núna (sbr. Milkman).

Samstarfið við nemendur gekk ákaflega vel, þeir voru duglegir að koma og leita ráða og ekki síður voru þeir duglegir að miðla til mín upplýsingum um unglingamenninguna. Það var varla nokkurt partí eða samkoma nemenda sem ég vissi ekki um. Mörgum fannst þetta með ólíkindum, en um leið fann ég að nemendur voru mjög ánægðir með að einhver veitti þeim slíka athygli og sumir biðu eftir að ég ræddi við þá ef þeir vissu að hegðun þeirra á einhverri slíkri samkomu hefði verið ábótavant.

Skólaárið 2002-2003.

Fastir viðtalstímar voru orðnir 5 á viku. Einnig voru nokkrir nemendur með fasta tíma í viku og skrifstofa mín var opin öllum nemendum í hádeginu. Nokkrir nemendur fóru í meðferð á skólaárinu og fengu síðan stuðning þegar þeir komu til baka.

Fundir forvarnateymis voru eins og undanfarin ár 2svar í mánuði að meðaltali. Ég sat fundi skólaráðs og fundi áfallaráðs. Vikulegir fundir með forseta nemendafélagsins voru einnig á dagskrá.

Samvinna við bæjaryfirvöld og lögreglu hefur aukist mjög og þetta skólaár var myndaður lítill hópur sem hefur hist reglulega. Í hópnum eru auk forvarnafulltrúa FG fulltrúi lögreglunnar, skólastjóri Garðaskóla, fulltrúi frá Félagsþjónustunni og forstöðumaður Garðalundar sem frá árinu 2003 gegnir starfi forvarnafulltrúa bæjarins. Fundir þessir hafa verið mjög gagnlegir fyrir alla aðila. Í september var opnuð móttaka fyrir ungt fólk á Heilsugæslunni í Garðabæ og er það góð viðbót við þá þjónustu sem þessi aldursflokkur getur fengið.

Mjög hefur færst í vöxt að leitað sé til forvarnafulltrúa um ýmis mál sem lúta að forvörnum. Skólanefndir grunnskóla bæjarins buðu mér á fund, forvarnanefnd bæjarins svo og bæjaryfirvöld. Slíkt er ákaflega jákvætt. Nokkrir fundir voru haldnir með námsráðgjafa FG, námsráðgjöfum Garðaskóla og félagsmálastjóra Bessastaðahrepps og fannst mér þeir mjög góð viðbót.

Forvarna- og íþróttadagur var haldinn öðru sinni 3. október. Hugmyndin var sú sama og frá fyrra ári, þ.e. að kennt yrði til hádegis, síðan tæki við fræðsla og deginum lokið með íþróttamóti. Bubbi kom í heimsókn og ræddi við krakkana um skaðsemi eiturfya og tókst honum ágætlega að koma þeim skilaboðum til nemenda. Hins vegar var íþróttaliðurinn ekki nógu góður. Kom það tvennt til, nemendur voru ekki með eins skipulagða dagskrá og í fyrra. Þó var margt vel undirbúið. Það var hinn almenni nemandi sem sýndi af sér dæmalaust lélega framkomu. Nemendur yfirgáfu skólann löngu áður en dagskrá var lokið og sýndu af sér slíkt agaleysi að eftir var tekið. Ég lagði því til að slíkur dagur yrði ekki haldinn að ári, a.m.k. ekki fyrr en við fengjum íþróttahús og hægt væri að halda stærri og viðameiri kappleiki.

Námskeið til að hætta að reykja undir stjórn Aðalbjargar Helgadóttur var enn einu sinni í boði og voru þátttakendur mjög ánægðir með námskeiðið. Geðhjálp og s.k. EGO-verkefni komu í lífsleikni svo og kynlífsfræðsla læknanema og tóbaksvarnarfræðsla. Forvarnafulltrúi var síðan með kynningu á starfi sínu í lífsleiknitímum eins og alltaf hefur verið.

Hið árlega Galakvöld hvar haldið 30. október og tókst það sem fyrr mjög vel. Ánægjulegt er að sjá hve nemendur hafa gaman af þessari hefð og ljóst er að þeir bíða spenntir eftir að öðlast rétt til að fá að taka þátt. Gaman væri að koma á einhverri svipaðri hefð hjá nýnemum.

Hautferð í Þórsmörk var á sínum stað og eins og fyrr skemmtu nemendur sér vel í góðra vina hópi án vímuefna. Það er alveg ljóst að nemendur eru á margan hátt .n.k. þrælar nútímasamfélags. Þeim finnst þeir þurfi að taka þátt í öllu og vera alls staðar og ekki má skera sig úr á neinn hátt. Slíku lífi fylgja oft dekkri hliðar, s.s. eins og áfengisnotkun og er ánægjulegt að sjá hve krakkarnir njóta þess í Þórsmörk að hafa kyrrð og ró. Mörg þeirra vilja jafnvel ekki neina tónlist heldur hafa eins mikla þögn og eins mikið myrkur og mögulegt er.

Í marsmánuði var haldið fræðslukvöld fyrir foreldra. Fundarefni var íþróttakennsla og sá stuðningur sem hún veitir öllu forvarnastarfi. Íþróttakennarar skólans, Páll Ólafsson og Snjólaug Bjarnadóttir, sáu um

kynninguna og síðan var fundarmönnum boðið í kaffi og umræður fóru fram. Á fundinum kynnti Kristinn Þorsteinsson áfangastjóri „Innu”.

Söngvakeppni framhaldsskólanna fór fram á Akureyri 29.mars. Rúmlega 20 nemendur ásamt undirritaðri og Páli Ólafssyni kennara fóru norður og gist var í VMA. Nemendur stóðu sig mjög vel, reglum var fylgt og það vakti athygli annarra hve ákveðin við vorum í að nemendur fylgdu reglum. Heimleiðin var ævintýraleg en við flest upplifðum það í fyrsta skipti að vera veðurteppt í Borgarnesi!

Eins og fyrri ár er forvarnafulltrúi á öllum dansleikjum nemendafélagsins. Þetta ár sinnti ég einnig starfi félagsmálafulltrúa svo starf í kringum dansleiki og uppákomur nemendafélagsins, eins og t.d. skemmtikvölda voru mjög mikil.

Á vorönninni var öðru sinni boðið upp á áfangann DLT-103. Ekki hafði áhugi nemenda dvínað, að þessu sinni luku tæplega 100 nemendur áfanganum, söngleikurinn Rocky Horror var settur á svið við góðar undirtektir. Vinnan í kringum þetta var mikil en um leið ánægjuleg.

Þetta skólaár var ég í námsorlofi og var því ekki við kennslu en gegndi engu að síður starfi forvarnafulltrúa. Auk þess að vera í mastersnámi við Háskóla Íslands lauk ég leiðbeinandanámskeiði hjá Dr. Jean Illsley Clarke sem nefndist „Að alast upp aftur” svo og stuttu námskeiði í leikritagerð hjá Karli Ágústi Úlfssyni. Bæði þessi námskeið hafa nýst mér í starfi mínu sem forvarnafulltrúi.

Skólaárið 2003-2004.

Starf forvarnafulltrúa var með nokkuð hefðbundnum hætti. Fastir viðtalstímar á viku voru 5 en auk þess var ég við í hádegi alla daga. Félagslíf nemenda var að mestu á minni könnu og gat álagið því stundum verið mikið.

Ráðstefna um vímuvarnir var haldin 1. september, haustfundur forvarnafulltrúa var 24. október en auk þess tóku nemendur þátt í Gettu betur og ræðukeppni og héldu dansleiki og skemmtikvöld að venju. DLT – 103 var í boði í 3.sinn og að þessu sinni luku 101 nemandi áfanganum. Settur var upp söngleikurinn **Litla hryllingsbúðin**. Sýningin var án efa okkar besta þó svo við hefðum viljað fá fleiri áhorfendur. Ýmislegt sem laut að fjármálum þessa verkefnis voru ekki alveg í réttum farvegi og því munum við Guðmundur Stefán Gíslason, félagsmálafulltrúi frá skólaárinu 2004 – 2005, halda utan um þau mál.

Lögreglan herti mjög allar reglur til skemmtanahalds nemendafélaga sem mun án efa auðvelda allt starf félagsmálafulltrúa þegar til lengri tíma er litið. En þetta fyrsta ár með þessum nýju reglum varð vinnan ansi mikil m.a. vegna þess að nemendum reyndist sumum erfitt að skilja þessar nýju reglur og fara eftir þeim. Átti það bæði við um stjórnarmenn nemendafélagsins og hinn almenna nemanda. Ég er sannfærð um að þegar menn hafa vanist þessum reglum þá verði þær mjög til bóta.

Pórsmerkuferð var á sínum stað svo og Galakvöldið sem haldið var hátíðlegt 30. október. Sem fyrr var góð mæting og mikill spenningur hjá nemendum.

Mikil aukning var í heimsóknum nemenda til forvarnafulltrúa og má það t.d. rekja til þess að sá árgangur sem hóf nám þetta haust var fremur erfiður og allmargir í þeim hópi höfðu forsögu um ýmis vandamál. Einnig er spurning hvort nemendahópurinn hafi eitthvað breyst milli ára, þ.e. að fleiri slakir námsmenn hafi komið sem þurftu aukna aðstoð. Töluverð orka fer líka í að bægja mönnum frá skólanum sem hér eiga ekkert erindi. Við erum mjög vakandi fyrir því hverjir koma hingað og þetta skólaár var ákveðinn hópur sem herjaði mjög á skólann, bæði í daglegu starfi svo og þegar skemmtanir voru á vegum nemendafélagsins. Ljóst er að hér er um ákveðið samfélagsmeið að ræða sem fyrr en seinna verður að taka á.

Samvinna við lögreglu, félagsþjónustu og bæjaryfirvöld var áfram í ákveðnum farvegi og fundir haldnir reglulega. Ég hélt einnig erindi á stórum fundi foreldrafélaga í bænum þar sem til umræðu voru samskipti foreldra og barna.

Skólaárið 2004-2005

Það sem af er þessu skólaári hefur forvarnastarfið verið í venjubundnum farvegi. Viðtalstímar hafa verið auglýstir, og notaðir sem aldrei fyrr, kynningarbréf var sent til foreldra í upphafi skólaárs, kynningarbréf til nýrra kennara svo og fundir forvarnateymis og skólaráðs.

Nemendur í lífsleikni hafa farið á kynningu hjá Samtökunum 78, læknanemar hafa komið með kynfræðslu og á vorönn munum við bjóða upp á námskeið fyrir þá nemendur sem vilja hætta að reykja.

Nokkur erfið mál hafa komið upp í vetur og er augljóst að foreldrar, sem margir hverjir eru búnir að gefast upp, treysta á þjónustu skólans í sambandi við að taka á andfélagslegri hegðun barna sinna. Oft er hægt með góðri samvinnu við foreldra að koma málum í betra horf, en stundum halda foreldrar að þeir séu þá bara lausir allra mála. Ég tel það umhugsunarefni fyrir samfélagið í heild að foreldrar virðast oft ekki þora að taka á málum heima fyrir og/eða átti sig ekki á stöðunni fyrr en í óefni er komið. Skólameistari boðaði til fundar með sýslumanni, bæjarstjóra, lögreglu, félagsþjónustu og fleiri aðilum sem eru að vinna í málum unglinga þar sem staðan í bæjarfélaginu var rædd. Menn voru á eitt sátir um að hér í bæ þyrfti að taka mál fastari tökum t.d. gegn hópamyndun. Í framhaldi af þessum fundi höfum við í Litla hóp fengið það verkefni að reyna að finna lausnir sem virka. Við höfum horft til Hafnarfjarðar sem tóku á sambærilegum málum fyrir 3 árum og tókst sú framkvæmd vel. Við hér í skólanum munum gera ákveðna tilraun á næstu önn með sérstakt starf með nemendum sem við teljum vera í áhættuhópi m.a. vegna félagslegrar hegðunar, starf sem miðar að því að byggja upp sjálftraust þeirra ungmenna sem í hlut eiga. Spennandi verður að sjá hvort slíkt starf beri góðan árangur.

Galadansleikurinn að þessu sinni var enn glæsilegri en fyrr. Í tilefni 20 ára afmælis skólans fengur bæði nemendur og starfsmenn tækifæri til að bjóða

með sér einum gesti. Fjöldi þátttakenda var því meiri, og sem fyrr tókst þetta allt mjög vel.

Haustfundur forvarnafulltrúa var haldinn á Akureyri 29. október og var sérstaklega góður. Nú gafst okkur enn betra tækifæri en áður að bera saman bækur okkar og miðla reynslu og tel ég að það hafi gefist mjög vel.

Starf forvarnafulltrúa er ákaflega gefandi og skemmtilegt starf, það byggist á miklum daglegum samskiptum við nemendur skólans og ekki er verra að sá sem sinnir slíku starfi sé nokkuð góður mannþekkjari. Allt litróf mannlífsins kemur hér upp á borð og ég tel starfið vera ákaflega mikilvægt nemendum í því þjóðfélagi sem þeir lifa í.

Garðabæ, 16. desember 2004,

Elísabet Siemsen,
forvarnafulltrúi